

Mánudaginn 23. febrúar 1953.

Nr. 1/1953.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Félags
íslenzkra rafvirkja (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn**

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags
löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík
(Björgvin Sigurðsson hdl.).**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dóمندur.**

Kjarasamningur talinn hafa stofnast milli verklyðsfélags og félags vinnuveitenda enda þótt stjórn Vinnuveitendasambandsins neitaði að staðfesta hann, þar sem verklyðsfélaginu var ekki sannanlega kunnugt um það, að vinnuveitendur áttu að fá staðfestingu sambandsstjórnar á kjarasamningum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 28. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h.. Félags íslenzkra rafvirkja gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að með samningi dags. 20. des. f. á. hafi stofnast bindandi og gildur vinnusamningur samkvæmt lögum nr. 80/1938 milli Félags íslenzkra rafvirkja og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á síðastliðnu hausti sögðu mörg verklyðsfélög upp kjarasamningum sínum við vinnuveitendur. Þegar ekki náðust samningar á ný gerðu þessi verklyðsfélög samband með sér, og hófu viðtæk verkföll 1. desember s.l. Hinn 19. des. f. á. komst á heildarsamkomulag milli þessara samtaka verklyðsfélaganna annars vegar og samtaka vinnuveitenda

hins vegar þess efnis, að síðustu kjarasamningar skyldu framlengjast með þeim breytingum, sem samkomulagið kvað á um.

Nokkur verklýðsfélög, þar á meðal Félag ísl. rafvirkja, höfðu haft uppi sérkröfur, sem talið var að semja yrði um sérstaklega við þá atvinnurekendur, er hlut áttu að máli. Af þessu tilefni komu samninganefndir aðilja máls þessa saman á fund að kvöldi hins 19. des. s.l. Urðu þær ásáttar um það, að undirgangast nefnt samkomulag samtaka verklýðsfélaganna og vinnuveitenda og framlengja eldri kjarasamning þeirra með nokkrum öðrum breytingum, sem greindar voru í höfuðatriðum í samningsdrögum, sem formenn samninganefndanna undirrituðu þá þegar. Var ætlunin að fullgera samningana daginn eftir. Samkvæmt þessu var næsta dag gert uppkast að samningi og undirrituðu aðiljar tvö eintök, og hélt hvor sínu. Svo sem að verður vik-
ið síðar, eru eintök þessi ekki samhljóða um tvö atriði.

Að lokinni samningsgerð þessari aflýsti Félag ísl. rafvirkja verkfalli sínu ásamt öðrum verklýðsfélögum og hófst vinna á ný, og verður ekki annað séð, en að unnið hafi verið samkvæmt ákvæðum hins nýja samnings. Kveðst Félag ísl. rafvirkja strax hafa látið festa upp á vinnustaðina auglýsingu um fjárhæð kaupsins og daglegan vinnutíma.

Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík er í Vinnuveitendasambandi Íslands. Samkvæmt 20. gr., B-lið, samþykktar sambandsins þarf skriflegt samþykki framkvæmdanefndar sambandsins til þess, að félagar, hvort heldur „beinir meðlimir, deildir eða deildarmeðlimir“, geri samning við starfsmenn sína, ef samningurinn felur í sér stytting vinnutíma, launahækkun eða önnur slík ákvæði, sem nánar eru tilgreind í greininni, og samkvæmt A-lið sömu greinar, þarf samþykki framkvæmdastjóra sambandsins til allra samninga. Skal útvega áritun hans eða deildarstjórnarmanns, sem hann hefur gefið leyfi til slíkrar áritunar, á alla samninga um samþykki til þeirra.

Samkvæmt þessu ákvæði sendi Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík umræddan kjarasamning til Vinnuveitendasambandsins til staðfestingar. En á fundi fram-

kvæmdanefndar sambandsins 29. des. f. á. var einróma synjað um staðfestingu á nefndum kjarasamningi. Var synjunin byggð á því, að samningurinn fæli í sér grunnkaupshækkun. Vinnuveitendasambandið tilkynnti Félagi löggiltra rafvirkjameistara samdægurs þessa ákvörðun, sem næsta dag skýrði Félagi íslenzkra rafvirkja frá þessum úrslitum, og óskaði þess jafnframt eindregið, að samningsumleitarnir milli félaganna gætu hafizt sem fyrst á ný. Jafnframt tilkynnti stjórn rafvirkjameistarafélagsins félagsmönnum sínum, að þeim bæri að fara eftir kjarasamningi þeim, er gilt hafði til 1. des., þar til samningar hefðu tekizt á ný.

Félag íslenzkra rafvirkja samþykkti á fundi, sem haldinn var 30. des. f. á., að halda fast við samning þann, sem gerður hefði verið við Félag löggiltra rafvirkjameistara 20. des. f. á og vísaði á bug öllum kröfum um endurskoðun þess samnings. Var ályktun þessi send Félagi löggiltra rafvirkjameistara hinn 1. janúar þ. á.

Eftir þetta fóru fram ýmis viðtöl milli aðilja og samkomulagstilraunir veru gerðar fyrir milligöngu sáttanefndar þeirrar, sem vann að sáttum í nefndum vinnudeilum. Þykir ekki ástæða til að rekja það nánar hér. En endirinn varð sá, að samkomulag náðist ekki um það, að Vinnuveitendasambandið féllist á samninginn frá 20. des. f. á. Og þar sem Félag íslenzkra rafvirkja hélt fast við þá skoðun sína, að með honum hefði komizt á bindandi kjarasamningar milli þess félags og Félags löggiltra rafvirkjameistara, sem Vinnuveitendasambandið gæti ekki haggað við, höfðaði það mál þetta og gerði framangreindar dómkröfur.

Stefnandi, Félag isl. rafvirkja, telur, að afskipti Vinnuveitendasambands Íslands af samningunum við Félag löggiltra rafvirkjameistara sé markleysa ein gagnvart sér. Kveður hann, að við samningagerðina hafi það verið beint tekið fram, að samninganefndir beggja aðilja hefðu fullt umboð til þess að gera og undirrita samningana. Hafi samninganefnd rafvirkjafélagsins með öllu verið ókunnugt um framangreind ákvæði 20. gr. samþykpta Vinnuveitendasambands Íslands, enda hafi ekki verið á það minnzt á samningafundum málsaðilja, að samþykki þess þyrfti að koma

til. Sé þetta ákvæði samþykktanna sér algerlega óviðkomandi og geti ekki á neinn hátt haggð því, að Félag löggiltra rafvirkjameistara sé bundið við þann samning, sem samninganefnd þess félags gerði og undirritaði.

Stefndi kveður það rétt vera, að samninganefnd Félags löggiltra rafvirkjameistara hafi haft fullt umboð félags síns til þess að ganga frá bindandi samningum. Hins vegar heldur hann því fram, að samninganefnd rafvirkjafélagsins eða a. m. k. formanni hennar, sem hafi vitað, að Félag löggiltra rafvirkjameistara var deild í Vinnuveitendasambandi Íslands, hafi einnig verið kunnugt um ákvæði 20. gr. samþykktta sambandsins. Þá staðhæfir hann og, að fulltrúar rafvirkjameistaranna hafi við samningsgerðina beinlínis tekið fram, að þeir væru um samningagerðina háðir samþykki Vinnuveitendasambandsins. Er það skoðun stefnda, að þar sem málum hafi verið svo háttað, hafi samninganefnd rafvirkjafélagsins átt að vera og hlotið að vera ljóst, að ekki gat stofnast bindandi kjarasamningur við rafvirkjameistarafélagið fyrr en Vinnuveitendasamband Íslands hafði fallið á samninginn. Nú hafi Vinnuveitendasambandið neitað að fallast á þann samning, sem hér sé um að ræða. Enginn samningur hafi því stofnast milli umræddra aðilja og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samþykktir Vinnuveitendasambands Íslands eru ekki birtar almenningi með þeim hætti, að talið verði, að þær eigi að vera eða hljóti að vera mönnum almennt kunnar. Ef athuguð eru fyrri samskipti rafvirkja og rafvirkjameistara sést að visu, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur tvisvar eða þrisvar ritað samþykki á kjarasamning þessara aðilja. Þrátt fyrir það, þykir ekki verða fullyrt gegn eindregnum mótmælum stefnanda, að samninganefnd rafvirkjafélagsins eða formaður þess félags, sem sæti átti í nefndinni, hafi, er samningar hófust 19. des. s.l. þekkt eða hlotið að þekkja efni 20. gr. samþykktta Vinnuveitendasambands Íslands til þeirrar hlítar, að þeim hafi átt að vera ljóst, að félagar í Vinnuveitendasambandinu væru háðir samþykki framkvæmdastjóra þess eða framkvæmdanefndar í samningum þeirra um kaup og kjör við starfsmenn sína.

Aðilja máls þessa greinir mjög á um það atriði, hvort fram hafi komið í umræðum þeirra um nýja samninga 19. og 20. des. f. á., að rafvirkjameistarar yrðu að leita samþykki Vinnuveitendasambandsins á samningum sínum. Báðir eru að vísu sammála um það atriði, að á hreinu hafi verið, að rafvirkjameistararnir hefðu fullt umboð félags síns til samninga um þau atriði, er samningur sá, sem gerður var, tók til. Fulltrúar rafvirkjameistaranna halda því fram, að formaður þeirra hafi í upphafi fundarins 19. desember lýst því yfir, að þeir þyrftu að fá samþykki Vinnuveitendasambandsins á samningi þeim, er gerður yrði, og jafnframt telja þeir, að það atriði hafi einnig komið fram síðar í samningaumleitunum 19. og 20. des. s.l. með þeim hætti, að fulltrúum rafvirkjafélagsins hafi hlotið að vera þetta ljóst. Þessu neita fulltrúar rafvirkjanna hins vegar algerlega og halda því fram, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi alls ekki borið á góma í þeim viðræðum. Hafa fulltrúar beggja aðilja komið hér fyrir dóm, verið ítarlega um þetta spurðir og formenn nefndanna og aðrir nefndarmenn samspurðir um það, hvað þeim fór á milli við samningsgerðina. En um þetta atriði stendur orð á móti orði, og verður sönnun um það, hvað þeir ræddu, ekki byggð á vætti þessara manna. Önnur gögn um það, hvað aðiljum fór á milli um þetta atriði, eru ekki fyrir hendi.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, þykja ekki gegn mótmælum stefnanda, hafa verið færðar sönnur að því, að fulltrúum Félags ísl. rafvirkja hafi verið eða hlotið að vera ljóst, er samningurinn 20. des. f. á. var undirritaður, að heimild fulltrúa Félags löggiltra rafvirkjameistara væri háð samþykki Vinnuveitendasambands Íslands með þeim hætti, sem kveðið er á í 20. gr. samþykktta sambandsins. Verður því ekki talið, að Félag ísl. rafvirkja þurfi að hlíta því, að gagnaðili þess við samningsgerðina, Félag löggiltra rafvirkjameistara, geti nú eftir á borið fyrir sig að skort hafi umboð frá Vinnuveitendasambandinu. Samningur sá, sem aðiljar máls þessa undirrituðu 20. des. f. á., var því bindandi fyrir stefnda og ber samkvæmt þessu að taka þá dómkröfu stefnanda til greina, að með hon-

um hafi stofnast milli málsaðilja vinnusamningur samkvæmt lögum nr. 80/1938.

Svo sem að framan greinir, undirrituðu fyrirsvarsmenn rafvirkja og rafvirkjameistara tvö samningseintök 20. des. f. á. Munu þau þá ekki hafa verið alveg útfyllt að því er varðaði fjölda daglegra vinnustunda á svokölluðum vetrartíma. Hafa bæði þessi samningseintök verið lögð fram í málinu. Á dómsskjali 3, sem lagt er fram í málinu af hálfu stefnanda, er vinnutíminn nákvæmar tilgreindur, og hefur stefnandi gert kröfu til þess, að þetta skjal verði lagt til grundvallar sem samningur milli aðilja. Telja verður, að þetta samningseintök leiði til hagstæðari niðurstöðu fyrir rafvirkjameistara. Þegar litið er á þetta, þykir ekki varhugavert að taka kröfur stefnanda til greina að þessu leyti.

Eftir málavöxtum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Samningur sá á dómsskjali 3, sem undirritaður var 20. des. f. á., er bindandi kjarasamningur samkvæmt lögum nr. 80/1938 milli Félags ísl. rafvirkja og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.